

Í dag í kvöld

# Dúó tveggja jasssnillinga!

– Niels Henning Ørsted Pedersen  
og Philip Catherine taka sveifluna  
í Háskólabíói í kvöld

Þrátt fyrir að Ísland sé ekki meðal höfuð jasslanda í Evrópu, er ekki þar með sagt að þar geti ekki gerst meiri háttar tíðindi í jassi. Í kvöld munu þeir Niels-Henning, Ørsted Pedersen og belgíski gítarleikarinn Philip Catherine halda sínu fyrstu opinberu dúótónleika. Þeir verða í Háskólabíói og hefjast kl. 21.

Þessir tveir höfuðsnillingar í evrópskum jassi eru Íslendingum alls ekki ókunnir. Margir muna eftir leik þeirra samt bandaríska trommuleikaranum Billy Hart í Háskólabíói vorið 1978. Þetta er í fimmta sinn sem Niels-Henning leikur fyrir Íslendinga: fyrst með löndum sínum Alex Riel og Ole Kock Hansen 1977, með trío sínu 1978, með Oscar Petersen 1978 og með brasilíska pianóleikaranum Tönju Mariu 1980.

A efnisskránni í Háskólabíói mun verða að finna bæði gömul og ný verk þeirra félaga, sem og dönsk þjóðlög í útsetningu NHÖP.

NHÖP hefur um langa tíð verið með fremstu bassaleikurum heims, eða frá því um tvítugsaldur. Þá hefur hann ekki aðeins leikið undir hjá öðrum heldur hefur hann og gert fjölmargar dúoplötur með ýmsum meisturum og verið sjálfur leiðtogi á mörgum úrvalsplötum. Í gagnrýnendakosningum bandaríska tónlistarblaðsins Down-Beat 1981 var NHÖP kostinn besti bassaleikari heims og þótt ýmsum tími til kominn. Bandaríkjamenn hafa löngum verið tregir til að viðurkenna annarra þjóða menn sem jafningja í jassfaginu og ekki margir Evrópumenn sem trónað hafa eftir í Down-Beat.

Philip Catherine hefur á síðustu 10 árum unnið sér frægð sem langbesti jassgítarleikari Evrópu og einn af heimsins bestu í sinni grein. Víst er um það að ekki leika aðrir gítarleikarar af heitari tilfinningu en Catherine og sækir hann margt í smíðju landsins, Django Reinhardt, þekktasta jassgítarista þessara aldar.

Það verður sögulegur atburður er þessir tveir snillingar mætast í Háskólabíói á stórhátíð íslenskra sveifluunnenda.



Niel Henning Ørsted Pedersen — kosinn bassaleikari ársins 1981 hjá bandaríska tónlistartímaritinu Down-beat.



Philip Catherine — það leika ekki aðrir af heitari tilfinningu en hann á gítarinn.

## Ofvitinn tveggja ára

– aðeins örfáar sýningar eftir

Um þessar mundir á Ofvitinn 2 ja ára afmæli á fjöllum Leikfélags Reykjavíkur í lönó. Á tveimur árum eru sýningar orðnar 167 talsins og áhorfendur um 37 þúsund. Þessi sýning er því þegar komin í hóp vinsælustu sýninga leikhússins frá upphafi.

Leikgerð Kjartans Ragnarssonar og leikstjórn hlaut mikið lof á sínum tíma. Sama gildir um tónlist Atla Heimis Sveinssonar og leikmynd og búainga Steinþórs Sigurðssonar. Sextán leikarar koma fram í sýningunni, en aðalhlutverkin eru í

höndum þeirra Jóns Hjartarsonar og Emils Gunnars Guðmundssonar. Lilja Þórisdóttir hefur nú aftur tekið við hlutverki sínu, elskunni, en hún hefur í sumar leikið í kvikmynd á vegum danska sjónvarpsins.

Vert er að taka fram, að vegna mikilla þrengsla í húskynnum Leikfélagsins og sökum þess að nauðsynlegt er að koma að nýjum verkefnum, verður ekki unnt að hafa nema örfáar sýningar í viðbót á OFVITANUM, þannig að fólk er bent á að missa ekki af þessu síðasta tækifæri að sjá sýninguna.

## Bók um 16 íslenska myndlistarmenn

A næstunni mun bókaútgáfan Hildur senda frá sér allnýstárlega listaverkabók. Bókin, sem er öll unnin hérlandis, hefur að geyma viðtöl og æviágrip 16 þjóðkunnra myndlistarmanna sem sett hafa svipmót á íslenska myndlist á undanföllum árum. Fjöldi mynda af verkum listamanna eru í bókinni, auk mynda af þeim sjálfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, ritaði formála að bókinni og 12 af þekktari rithöfundum þjóðarinnar sömdu texta hennar. Myndlistarmennirnir sem um er að ræða eru: Alfreð Flóki, Asgerður Búadóttir, Baltasar, Bragi Asgeirsson, Einar Baldvinsson, Einar Hákonarson, Eiríkur Smith, Gunnar Örn Gunnarsson, Hringur Jóhannesson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Gunnar Arnason, Leifur Breiðfjörð, Magnús



Tómasson, Ragnheiður Jónsdóttir, Vilhjálmur Bergsson og Þorbjörg Höskuldsdóttir.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir ritar formála að bókinni.

## Útvarp

Miðvikudagur  
21. október

- 12.00 Dagskrá. Tónleikar Tilkyningar.
- 12.20 Fréttir. 12.45 Veðurfregnir. Tilkyningar. Miðvikudagssýrpa — Asta Ragnheiður Jóhannesdóttir.
- 15.10 „Ömin er sestur“ eftir Jack Higgins Ólafur Ólafsson þýddi. Jónína H. Jónsdóttir les (8).
- 15.40 Tilkyningar. Tónleikar.
- 16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregnir.
- 16.20 Síðdegistónleikar Sin-17.20 Sagan: „Grenið“ eftir Ivan Southall Ragnvaldur Finnbogason les eigin þýðingu. Sögulok (6).
- 17.50 Tónleikar. Tilkyningar.
- 18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldins.
- 19.00 Fréttir. Tilkyningar.
- 19.35 A vettvangi
- 20.00 Sumarvaka. Einsöngur í útvarpssal: Agústa Agústs dóttir syngur lög eftir Björgvin Guðmundsson. Jónas Ingimundarson leikur á pianó. b. Bóndasonur gerist sjómáður og skósmíður Julius Einarsson les annan hluta æviminninga Erlends Erlendssonar frá Jarðlangsstöðum. c. Kvæði eftir Bólu-Hjálmar Ávar Kjartansson les. d. Af Hjörleifi Jónssyni grasalækni Rósa Gísladóttir frá Krossgerði les úr Þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar. e. Kór-söngur: Kirkjukór Hveragerðis og Kotstrandarsóknar syngur Söngstjóri: Jón Hjörleifur Jónsson.
- 21.30 Útvarpssagan: „Marína“ eftir séra Jón Thorar-ensen Hjörtur Pálsson les (2).
- 22.00 Hljómsveit Horsts Wende leikur létt lög
- 22.15 Veðurfregnir. Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldins.

22.35 Íþróttapáttur Hermanns Gunnarssonar

22.55 Kvöldtónleikar: Tónlist eftir Mozart Filharmoníusveitin í Vínarborg leikur. Einleikari og stjórnandi: Leonard Bernstein. a. Pianókonert nr. 15 í B-dúr (K450). b. Sinfonía nr. 36 í C-dúr (K425).

23.45 Fréttir. Dagskrárlök.

## Sjónvarp

Miðvikudagur  
21. október

- 18.00 Barbapabbi. Endursýndur þáttur. Þýðandi: Ragna Ragnars. Sögumaður: Guðni Kolbeinsson.
- 18.05 Andrés. Nýr sænskur myndaflokkur fyrir börn. Hann er í þremur þáttum og fjallar um Andrés, 12 ára, sem er alltaf blankur. Þýðandi: Hallveig Thorlacius. (Nordvision — Sænska sjónvarpið)
- 18.35 Fólk að leik. Fjórði þáttur. Þessi mynd er frá Tahiti. Þýðandi: Ólöf Pétursdóttir. Lesari Guðni Kolbeinsson.
- 19.00 Hlé
- 19.45 Fréttagrip á tákumáli
- 20.25 Auglýsingar og dagskrá
- 20.30 Vaka. Kynntar verða fyrir hugaðar frumsýningar leikhúsanna á næstunni. Umsjón: Helga Hjörvar. Stjórn upptöku: Viðar Víkingsson.
- 21.00 Dallas. Atjándi þáttur. Þýðandi: Kristmann Eðsson.
- 21.50 Stríð framtíðarinnar. Bresk heimildamynd þar sem fjallað er um það með hvaða hætti styrjaldir verði háðar. Vopnakaþphlaup stórveldanna heldur áfram, og sumir halda því fram, að geimstöðvar muni koma við sögu í styrjöldum framtíðarinnar. Þýðandi: Bogi Arnar Finnbogason.
- 22.15 Dagskrárlök

Vaka í kvöld  
klukkan 20.30:

## Leikhúsmál

Í kvöld kl. 20.30 er Vaka á dagskrá sjónvarpsins. Hún verður að þessu sinni helguð leikhúsmálum og er Helga Hjörvar umsjónar-maður.

Í þáttinum verða kynntar frumsýningar leikhúsanna á næstu dögum. Leikfélag Akureyrar frumsýnir leikgerð Brietar Heðinsdóttur á verki Guðmundar Kambans, Skálholti. Nefnist leikgerðin Jómfrú Ragnheiður. Briet leikstýrir og Guðbjörg Thoroddsen leikur Ragnheiði.

Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir spænska barnaleikritið Sögunu af litla krítarhringnum. Leikfélagið frumsýnir einnig þýðingu Arna Guðnasonar á Desire under the Elms eftir Eugene O'Neill.

Sjónvarp kl. 21.50:

## Laservopn í geimstríði

Stríð framtíðarinnar heitir bresk heimildarmynd sem fjallar um það hvernig styrjaldir verði háðar í framtíðinni.

Líklegt þykir að mannskepnan láti sér ekki lengi nægja jarðar-kringluna sem vígvöll og í framtíðinni verði einnig barist í geimnum. Á næstunni er líklegt að stórveldunum takist að fullkomna laservopn sem nota má í geimstríði.

Bandarískir sérfræðingar fullyrða að Sovétmenn muni innan tíðar hafa slík vopn undir höndum. Í þáttinum segir öldunga-




Dans á rósum er nýtt íslenskt leikrit eftir Steinunni Jóhannesdóttur og verður kynnt í Vöku í kvöld.

Alþýðuleikhúsið frumsýnir Elskaðu mig eftir dönsku skáldkonuna Vítu Andersen. Nemendaleikhúsið frumsýnir Jóhönnu af Örk eftir þýsku skáldkonuna Önnu Seghers og Þjóðleikhúsið sýnir nýtt íslenskt leikrit eftir Steinunni Jóhannesdóttur, Dans á rósum.

Í Vöku ræðir Helga Hjörvar við leikara, leikstjóra og leikritaskáldið Steinunni Jóhannesdóttur.

Litíð er inn á sýningu á barnaleikritinu og sýndur hluti af Dans á rósum. Að síðustu verður sagt frá starfsemi áhugaleikhúsanna.



Í kvöld verður á dagskrá sjónvarpsins heimildarmynd um stríð framtíðarinnar sem að öllum líkindum verður háð með laservopnum út í geimnum.

deildarþingmaðurinn Malcolm Wallop að vopnakaþphlaupið hafi

færst út í geiminn og Bandaríkjunum sé nauðsyn að ná forskoti.